

Nd.

437. Nefndarálit

um frv. til l. um viðauka við l. nr. 56 1933, um viðauka við og breyt. á l. nr. 68/1917, um áveitu á Flóann.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefur yfirfarið frv. og reynt að afla sér ýtarlegra upplýsinga um málið. Meðal annars hefur hún fengið umsjónarmann Flóaáveitunnar til viðræðna við n.

Samkvæmt þeim skýrslum, sem nefndin hefur aflað sér, hafa ríkinu verið afhentir samtals 1455 hektarar lands frá 56 jörðum í 6 hreppum á Flóaáveitusvæðinu. Verðið mun hafa verið um 47 kr. hver hekt. af áveitulandi og nálægt 30 kr. á hekt. af þurrlandi að meðaltali. Af þessu landi hefur ríkið tekið um 230 ha. til framræslu sem undirbúning undir fyrirhugaða ræktun og nýbýlastofnun, hina svokölluðu „Siberíu“.

Þá eru enn fremur allstórar landspildur, sem liggja að jörðum ríkissjóð í þessum sveitum, svo sem Stokkseyrartorfunni o. fl., og telur nefndin ekki rétt að ráðstafa þeim fyrst um sinn. Loks eru nokkrar spildur, sem ef til vill mætti sameina með maka-skiptum eða vixla til löndum, svo að reisa mætti á þeim nýbýli. Eftir eru þá smærri spildur á við og dreif, sem aðeins verða notaðar frá nágrannabýli. Ríkið hefur yfirleitt engu kostað til flóðgarðahleðslu eða viðhalds mannvirkja á þessum spildum, síðan það eignaðist þær. Veldur þetta miklum óþægindum á ýmsum stöðum ábúendum þeirra jarða, sem lönd eiga að þeim. Þessar spildur leggur nefndin til, að heimilt sé að selja, og telur hún eðlilegast, að þeir sitji í fyrirrúmi fyrir kaupum á löndum þessum, sem eru í landkreppu, liggi löndin þannig, að þeir hafi þeirra full not. Vegna þess að þörf er náins kunnugleika á öllum staðháttum og aðstöðu, þar sem þessi sala fer fram, telur nefndin rétt, að leita skuli samþykkis hlutaðeigandi hreppsnefndar um söluna. — Loks telur nefndin rétt að ákveða lágmakssöluverð á því landi, sem selt verður samkvæmt þessu frv.

Nefndin leggur því til, að frv. verði samþykkt með svo hljóðandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja lönd, er látin hafa verið af hendi upp í áveitukostnað á Flóaáveitusvæðinu, fyrir það verð, er Búnaðarfélag Íslands metur, þó aldrei lægra en sem svarar afhendingarverði þess til ríkissjóðs.

Skilyrði fyrir sölnunni eru:

a. Að landið sé ekki til þess fallið að reka á því sjálfstæðan, lifvænlegan búskap, hvorki einu út af fyrir sig né í sameiningu við önnur lönd, sem kostur er á, að dómi nýbýlastjórnar.

b. Að landsins sé ekki þörf til notkunar frá nærliggjandi kauptúnum. Þörf þeirra til landsins kemur þó því aðeins til greina, að þau hafi aðstöðu til að notfæra sér það, og skal um hvort tveggja hlíta úrskurði Búnaðarfélags Íslands.

c. Að hlutaðeigandi hreppsnefnd mæli með sölnunni.

2. Á eftir 1. gr. komi ný grein, svo hljóðandi:

Nú er land selt, og skal þá sá jarðareigandi hafa forkaupsréttinn, er mesta þörf hefur á, að dómi Búnaðarfélags Íslands, að leggja það undir býli sitt af þeim, er auðvelt eiga með að hirða um landið og notfæra sér það á allan hátt, enda leggi hann það undir jörðina.

Alþingi, 17. nóv. 1943.

Bjarni Ásgeirsson,
form.

Jón Pálmason,
fundaskr.

Jón Sigurðsson,
frsm.

Sigurður Guðnason, Emil Jónsson.
með fyrirv.